

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Með orðsendingu 30. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Ungverjalands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Ungverjalands sem gerður var í Genf 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Ungverjalands sem gert var með erindaskiptum í Genf 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 63/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

4. maí 2004

Nr. 26

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Með orðsendingu 31. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Slóveníu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Slóveníu sem gerður var í Bergen 13. júní 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1996 og 21/1998. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

4. maí 2004

Nr. 27

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands og samnings milli Íslands og Tékklands um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingu 30. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Tékklands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands sem gerður var í Prag 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, þar sem samningurinn er birtur, 1/1993 og 6/1993. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Með sömu orðsendingu var sagt upp samningi milli Íslands og Tékklands um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gerður var með orðsendingaskiptum í Genf og Prag 1. júní 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1992, þar sem samningurinn er birtur, 3/1993 og 24/1993. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.